

Nd. 525. Frumvarp til laga [149. mál]

um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1960 og happdrætti Styrktarfélags vangefinna 1960.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. maí.)

1. gr.

Vinningar í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og vinningar í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, sem félög þessi efna til á árinu 1960, skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.